

Nd.

431. Frumvarp

til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Sambandi isl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa og útflutningsleyfa á fiski og löggildir saltfiskútflýgjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstjórnin veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi fiskimálanefndar. Eigi má afgreiða farmskirteini fyrir fisksendingum til útlanda,

nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfiskútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski.

4. gr.

Fiskimálanefnd löggildir saltfiskútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 80% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskmálanefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal þá félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið öllum fiskframleiðendum þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélag, sem ráða yfir 3000 skpd. saltfiskjar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við fiskimagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra.

Peir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu fiskimálanefndar, getur nefndin löggilt tiltekna tölu saltfiskútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið öllum fiskframleiðendum.

5. gr.

Peir, sem samkvæmt 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrir mælum hennar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarkspóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning fiskjar, og hefir nefndin frjálstan aðgang

að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi fiskimálanefndar, til þess að tryggja sölu á fiskframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og getur þá atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nefndarinnar, mælt svo fyrir með reglugerð, að takmarka skuli veiði verðlitis fiskjar, svo og að banna megi eða draga úr aukningu fiskiskipaflotans og úrskurða um það, hvar aukning megi eiga sér stað.

8. gr.

Allir fiskframleiðendur skulu fyrir þann tíma, er fiskimálanefnd ákveður, sækja um verkunarleyfi til fiskimálanefndar. Í leyfisbeiðnum skulu fiskframleiðendur tilgreina tölu, einkennistölur og stærð fiskiskipa, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, og áætla afla. Skulu framleiðendur skyldir að láta nefndinni í té allar upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því að áætla veiðina sem næst sanni, og enn fremur gefa nefndinni mánaðarlega nákvæmar aflaskýrslur, eftir að veiði byrjar ár hvert, og jafnframt tilgreina, hver hafi fiskinn til sölu meðferðar.

Í leyfisbeiðni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Fiskimálanefnd úthlutar verkunarleyfum, og skal, eftir því sem við verður komið, úthluta leyfum eftir óskum fiskframleiðenda. Nú er, að dómi nefndarinnar, ekki líklegt, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkun, sem framleiðendur óska, vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum, og getur þá nefndin ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli seldur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hún álitur, að tryggi það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal nefndin hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd undanfaraandi ákvæða, svo sem að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum sins fiskjar, ákvæði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

11. gr.

Brjótí löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur fiskimálanefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

12. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og fiskimálanefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að

taka upp einkasölu á saltfiski, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki fiskimálanefndar, ef félag fiskframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsg. 4. gr. æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja saltfisk til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar þeir, og tilnefni fiskimálanefnd einn þeirra.

Sé slíkur félagsskapur fiskframleiðenda eigi til eða fiskimálanefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið fiskimálanefnd einkasölu á fiski til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá fiskimálanefnd þrjá framkvæmdarstjóra til þess að annast fisksöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnuáráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölnunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé fiskimálanefnd falin einkasala á fiski, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölnunnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. atvinnuáráðherra af meiri hluta sjútvn: Vegna þeirra erfiðleika, sem eru á útflutningi og sölu saltfiskjar, verður að teljast óhjákvæmilegt að tryggja sem bezt skipulag á saltfiskverzluninni, og eins hitt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að hefja útflutning á fiski, verkuðum með öðrum aðferðum en nú eru mest tíðkaðar.

Nánar í framsögu.